

Opið bréf til Guðmundar Inga Kristinssonar mennta- og barnamálaráðherra

Egilsstöðum 8. desember 2025

Virðulegi ráðherra mennta- og barnamála!

Við sem sitjum í skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum óskum eftir svörum við nokkrum spurningum varðandi fyrirhugaðar breytingar á stjórnslu framhaldsskólaskólans og gagnrýnum „uppsögn“ skólameistara ME.

Hinn 17. september síðastliðinn birtist á vef stjórnarráðsins tilkynning um áform um nýtt skipulag fyrir framhaldsskóla. Sama dag kynntir þú sem mennta- og barnamálaráðherra þessi áform og opnaður var vefur með spurningum og svörum. Þar kom fram að skipulagsbreytingin og lausnin við þeim vandamálum sem framhaldsskólakerfið stæði frammi fyrir væri að setja á laggirnar nýtt „stjórnslustig“, 4-6 svæðisskrifstofur sem hefðu það hlutverk „að styðja við rekstur skólanna og veita þeim stuðning og þjónustu.“ Jafnframt var tekið fram að framhaldsskólarnir 27 myndu halda sjálfstæði sínu, séreinkennum, nafni og daglegri stjórnun. Svæðisskrifstofunum væri ætlað að veita stuðning við mannauðs- og rekstrarmál til að auka skilvirkni og þjónustu en dagleg stjórnun yrði áfram á forræði skólameistara. Markmiðið með breytingunum er á síðunni sagt vera „að tryggja gæði náms og að allir nemendur fái jafnt aðgengi að þjónustu óháð búsetu eða stærð skóla. Í kynningu ráðherra og á vefnum kemur fram að nú hefjist „ítarlegt samráð við skólameistara, kennara, Kennarasamband Íslands, starfsfólk skóla og nemendur um þá þjónustu sem svæðisskrifstofurnar muni veita og hvar og hvernig henni verður best fyrir komið“ og svo er nærsamfélag skóla líka nefnt á einum stað.

Þú, ágæti mennta- og barnamálaráðherra hófst í kjölfarið yfirreið um landið og heimsóttir alla framhaldsskólana ásamt starfsfólki úr ráðuneytinu. Það verður að hrósa þér fyrir að leggja land undir fót en heldur var efni fundanna rýrt í roðinu og erfitt að líta á þá sem „ítarlegt samráð“. Á fundinum sem haldinn var í Menntaskólanum á Egilsstöðum, sem var fyrst og fremst hugsaður fyrir starfsfólk þó að við laumuðum okkur með nokkur úr skólanefndinni, var farið yfir að það væri búið að taka ákvörðun um hver lausnin á vanda skólanna væri, þ.e. að stofna svæðisskrifstofur og því yrði ekki haggð, aðeins væri spurning um hvað þær yrðu margar og staðsetningu. Fátt var um svör þegar spurt var nánar út í útfærslur eða rök fyrir þessu nýja „stjórnslustigi“ en ítrekað að fólk ætti að fara inn á netið gegnum QR-kóða og senda inn hugmyndir um hvað þessar svæðisskrifstofur ættu að gera. Í því fælist samráðið!

Það skal því engan undra að viðbrögð okkar ágætu kennara og starfsfólks voru ekki ýkja jákvæð þar sem þau sjá ekki frekar en við í skólanefndinni hvernig vandi okkar skóla á að leysast með stofnun svæðisskrifstofu sem verður að líkindum staðsett fjarri Egilsstöðum og Austurlandi.

Ekkert samráð við skólanefndir

Við alla framhaldsskóla landsins eru starfandi fimm manna skólanefndir sem ráðherra skipar í samræmi við 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Ráðherra skipar þrjá af fimm fulltrúum í skólanefnd án tilnefningar en hinir tveir eru tilnefndir af sveitarstjórnnum (í tilfalli framhaldsskólanna hér á svæðinu eru þeir tilnefndir af stjórn

Sambands sveitarfélaga á Austurlandi). Þó að heldur hafi dregið úr hlutverki skólanefnda og vægi frá því sem áður var er samt enn eitt meginhlutverk þeirra „að marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf. Auk þess að staðfesta skólanámskrá og fylgjast með framkvæmd hennar og vera skólameistara til samráðs um flest það er lýtur að rekstri skólans. Að því ógleymdu að skólanefnd skal veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.

Miðað við laganna hljóðan skyldi maður ætla að ráðherraskipuð skólanefnd væri höfð með í ráðum þegar kemur að því að vinna skipulagsbreytingar varðandi framhaldsskóla. Jafnframt væri allavegana einu símtali eytt á formann skólanefndar áður en ákvörðun um að framlengja ekki ráðningu skólameistara væri tekin í ráðuneytinu.

Það er skemmst frá því að segja að skólanefnd ME, og væntanlega gildir hið sama um aðrar skólanefndir framhaldsskóla, hefur aðeins heyrt í fjölmiðlum um fyrirhugaðar breytingar. Ekkert hefur verið borið undir þær og engin boð komu um að mæta á fundi með ráðherra eða ráðuneytisfólki þegar þið fóru um landið. Þegar samráð er annars vegar skyldi maður ætla að skólanefndir væru mikilvægar þar sem þær hafa puttann á púlsinum í skólastarfinu, þekkja nærsamfélagið og þarfir þess. Skólanefndirnar fjalla um vanda framhaldsskólanna á reglulegum fundum hvert skólaár og þess vegna skýtur skökku við að þær séu ekki einu sinni nefndar á nafn þegar rætt er um samráð um þessar fyrirhuguðu breytingar.

Spurningar frá skólanefnd

Við í skólanefnd ME sjáum okkur því knúin til að hafa samband að fyrra bragði við þig, ágæti ráðherra, til að fá svör við nokkrum spurningum sem brenna á okkur, skólasamfélaginu sem við berum ábyrgð á og nærsamfélaginu.

1. Er það rétt að komið hafi fram á kynningarglærum ráðuneytisins að með breytingunum muni kennitölum í framhaldsskólakerfinu fækka úr 27 í 6, þ.e. að svæðisskrifstofurnar verði sá lögaðili sem er ábyrgur fyrir rekstri framhaldsskóla á sínu svæði?
2. Ef að á að fækka kennitölum, hver verður þá lagaleg staða framhaldsskólanna eftir skipulagsbreytingar því að vart teljast þeir þá lengur sjálfsstæðar ríkisstofnanir eins og nógildandi lög kveða á um? Og er þá ekki í raun búið að sameina skóla ef að búið er að sameina rekstur þeirra á einni kennitölu?
3. Í allri kynningu á áformunum er ítrekað að breytingarnar séu ekki gerðar í hagræðingarskyni. Stendur þá ekki til að segja upp stofnanasamningum sem í gildi eru innan hvers framhaldsskóla?
4. Hvaða þjónusta er það sem á að koma gegnum svæðisskrifstofurnar sem ekki er hægt að leysa með starfsfólki í skólunum sjálfum eða með samstarfi í nærumhverfinu við sveitarfélög, heilbrigðisstofnanir og aðra aðila sem koma að framkvæmd farsældarlaganna?
5. Hvers vegna hafa þessi áform um skipulagsbreytingar ekki ennþá verið kynnt fyrir skólanefndum framhaldsskólanna? Og hvers vegna voru þær ekki hafðar

með í ráðum áður en tekin var ákvörðun um að svæðisskrifstofur væru lausnin?

6. Hvað er það við fyrirbyggjandi áform sem kallar á að skólameistarar sem ljúka sínum skipunartíma á næstu mánuðum verði ekki endurskipaðir? Einkum er spurt í ljósi þess að gera verður ráð fyrir að áformin kalli á lagabreytingar og verði þær ekki gengnar í gegn áður en skipa þarf nýja skólameistara að aflokinni auglýsingu má ætla að lagaleg staða þeirra verði hin sama og sitjandi skólameistara, hvernig svo sem skipunartíma þeirra er háttað.
7. Og að lokum. Er ekki ákveðin mótsögn í því að framlengja ekki ráðningu farsæls skólameistara venju samkvæmt þegar ítrekað hefur komið fram í máli þínun virðulegi ráðherra, að „gengið sé út frá því að halda í mannauð í skólakerfinu, að skólastjórnendur og kennarar starfi áfram innan framhaldsskólakerfisins.“?

Okkur í skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum er fyrst og fremst umhugað um starfsemi skólans og höfum áhyggjur af þeirri óvissu og ólgu sem þessi áform og gjörðir ráðuneytisins hafa valdið og munu að óbreyttu halda áfram að valda innan skólasamfélagsins og víðar. En við lýsum okkur jafnframt reiðubúin til að vinna með ráðuneytinu að því að finna þær lausnir sem taka mið af þörfum framhaldsskólanna ef eftir því er leitað.

*Skúli Björn Gunnarsson formaður
Þuríður Lillý Sigurðardóttir
Stefán Bogi Sveinsson
Sigrún Birna Björnsdóttir
Magnús Jónsson*